

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2025/452****2025/EES/73/33****frá 19. desember 2024**

um leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) 2021/642 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar tilteknar upplýsingar sem eiga að koma fram á merkingu lífrænt ræktaðra vara (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ⁽¹⁾, einkum a-lið 2. mgr. 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Lið 2.1 í III. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 var skipt út í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/642 ⁽²⁾ var í þeim viðauka varðar síðasta málsgreinin í lið 2.1.3 upplýsingarnar sem um getur í fyrri liðum 2.1.1 og 2.1.2 þar sem settar eru fram reglur um pökkun og flutning á lífrænt ræktaðum vörum og vörum í aðlögun og um viðbótaráðendingar fyrir fódurblöndur sem eru leyfðar í lífrænni framleiðslu. Í þeirri málsgrein er einkum innleidd krafa varðandi framsetningu upplýsinganna sem um getur í liðum 2.1.1 og 2.1.2. Það hefði ekki átt að færa hana inn í lið 2.1.3 sem varðar viðbótaráðendingar fyrir blöndu af fódurjurtafræjum eingöngu. Sú málsgrein ætti að vera sérstakur liður. Þessa villu ætti því að leiðrétta.
- 2) Því ætti að leiðrétta framselda reglugerð (ESB) 2021/642 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leiðréttingar á framseldri reglugerð (ESB) 2021/642

Í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2021/642 er 2. liður III. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 leiðréttur sem hér segir:

- 1) Síðasta málsgreinin í lið 2.1.3 fellur brott.
- 2) Eftirfarandi lið er bætt við:

„2.1.4. Eingöngu er heimilt að setja upplýsingarnar, sem um getur í liðum 2.1.1 og 2.1.2 fram í fylgiskjali ef hægt er að tengja slíkt skjal á öyggjandi hátt við pakkningu, ílát eða ökutæki sem varan er flutt í. Í fylgiskjalinu skulu vera upplýsingar um birgi eða flutningsaðila.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2025/452, 5.3.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 202/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2018/848/oj>.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/642 frá 30. október 2020 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar tilteknar upplýsingar sem eiga að koma fram á merkingu lífrænt ræktaðra vara (Stjtið. ESB L 133, 20.4.2021, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2021/642/oj).

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
